



Betri Borgarfjörður

Brothættar byggðir

Alda Marín Kristinsdóttir
júlí 2023



Efnisyfirlit

Markmið og tilgangur	1
Stjórn verkefnisins	2
Fundir verkefnisstjórnar	2
Undirbúningur, stefnumótun, áætlanagerð	3
Stöðugreining í upphafi verkefnistíma	3
Verkefnismarkmið	6
Opnun verslunar	10
Húsnæðismál	11
Samgöngur og fjarskipti	12
Heilbrigðismál	14
Sjávarútvegur	15
Borgfirskir atvinnuvegir	16
Sveitarfélagið Múlaþing verður til	17
Lýðfræðileg þróun á verkefnistímanum	18
Styrkir úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar	20
Áhrif COVID-19	23
Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	24
Önnur verkefni	25
Að lokum	26

Markmið og tilgangur

Verkefnið Brothættar byggðir er ein af aðgerðum Byggðaáætlunar og er sértækt verkfæri Byggðastofnunar til að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti. Sótt er um aðild að verkefninu fyrir byggðarlög og ræðst fjöldi þátttökubyggðarlaga af eignum og aðstæðum á hverjum tíma. Aðgerðin fellur undir eitt af lykilsviðum byggðaáætlunar er snýr að sértækum aðgerðum á varnarsvæðum. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarkjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Brothættar byggðir er sértæk aðgerð fyrir smærri byggðarkjarna og sveitir landsins, sem vegna smæðar sinnar hafa ekki geta nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings byggðaþróun og samfélagsuppbyggingu. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélag, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðarlagsins.

Sérstaða verkefnisins er fylgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Stjórn verkefnisins

Stjórn verkefnisins á Borgarfirði eystra skipuðu:

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
Jón Þórðarson, fyrrv. sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps og núv. fulltrúi sveitarstjóra Múlaþings
Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú
Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA
Óttar Már Kárasen, fulltrúi íbúa
Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Verkefnisstjóri var Alda Marín Kristinsdóttir.

Jóney Jónsdóttir var fulltrúi SSA 2018-2019.

Eva Pandora Baldursdóttir var fulltrúi Byggðastofnunar 2018-2020.

Fundir verkefnisstjórnar

Verkefnisstjórn fundaði reglulega á verkefnis-tímanum. Að jafnaði er reynt að halda íbúafund árlega og tókst það með einni undantekningu, árið 2019. Það ár var hins vegar mikið fundað vegna fyrirhugaðrar sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Seyðis-fjarðarkaupstaðar, Djúpvogshrepps og Fljótsdalshéraðs í eitt sveitarfélag, sem íbúar samþykktu með kosningu sem fram fór í október 2019.

F.v. Kristján Þ. Halldórsson, Alda Marín Kristinsdóttir, Elísabet D. Sveinsdóttir, Eva Pandora Baldursdóttir, Óttar Már Kárasen, Signý Ormarsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Jón Þórðarson.
Mynd: Kristján Þ. Halldórsson



2018	2019	2020	2021	2022
10.-11. feb. - íbúðing	11. mars (fjar)	2. feb. (fjar)	9. mars (fjar)	16. feb. -lokafundur
16. maí (fjar)	28. maí (fjar v. úthlutunar)	16. apr. (fjar) – aukaúthlutun	23. mars (stað)	verkefnis
19. júní (stað)	3. júní - íbúafundur m. HSA	v. COVID-19	23. mars - íbúafundur	
27. ágúst - íbúafundur	v. stöðu heilbrigðismála	4. júní (fjar)	6. maí (fjar)	
9. okt. (fjar)	4. júlí (stað)	26. júní (stað)	11. maí (fjar)	
16. okt. (fjar)		26. júní - íbúafundur	29. okt. (fjar)	
23. nóv. (fjar)				

Undirbúningur, stefnumótun, áætlanagerð

Upphaf verkefnisins markaðist af íbúðingum sem haldið var á Borgarfirði 10. og 11. febrúar 2018 í félagsheimilinu Fjarðarborg þar sem Byggðastofnun, í samstarfi við Borgarfjarðarhrepp, Austurbrú ses. og Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), bauð íbúum til skrafs og ráðagerða. Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, stýrði þinginu eftir aðferðafræði sem kölluð er „Opið rými“ – Open Space þar sem þátttakendur stungu upp á umræðuefnum, leiddu umræðuhópa og slógu gögn í tölvu. Sigurborg tók svo í kjölfarið saman skilaboð íbúðingans sem þjónuðu sem veganesti inn í frekari stefnumótun og áætlanagerð fyrir verkefnið. Á þinginu voru kosnir tveir fulltrúar íbúa sem tóku sæti í verkefnisstjórn og verkefninu valið nafnið *Betri Borgarfjörður*. Verkefnisstjóri var ráðinn í mars og tók til starfa í byrjun maí 2018.

Frá vori og fram á sumar nýttu verkefnisstjórn og verkefnisstjóri tímann til að greina stöðu sveitarfélagsins og setja saman verkefnisáætlun til að vinna eftir næstu árin. Sú áætlun var svo kynnt íbúum á fundi í lok ágúst.

Stöðugreining í upphafi verkefnistíma


Í upphafi verkefnistímans vann verkefnisstjórn stöðugreiningu fyrir byggðarlagið. Þá var Borgarfjörður enn sjálfstætt sveitarfélag með ágæta fjárhagsstöðu en töluverða skuld í innviðauppbýggingu, s.s. í viðhaldi mannvirkja. Verið var að leggja lokahönd á byggingu Hafnarhúss sem stendur við Borgarfjarðarhöfn, mjög metnaðarfullt verkefni sem unnið var með fjármögnun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og gefur mikla möguleika, t.d. í ferðaþjónustu. Mikil þörf var fyrir að byggja aftur upp þjónustu ýmis konar og að gera gangskör í samgöngu- og fjarskiptamálum. Borgarfjörður var eini þéttbýlisstaðurinn á landinu sem ekki hafði vegtengingu við næsta byggðakjarna með bundnu slitlagi, auk þess sem símasamband var slitrótt.

Atvinnuvegir voru hefðbundnir; sjávarútvegur og landbúnaður voru kjarnaatvinnugreinarnar en ferðaþjónusta vaxandi þó hún væri að mestu bundin við sumartímann. U.þ.b. tíu til tólf bátar gerðu út frá Borgarfirði að jafnaði og undanfarin ár hafði aflinn verið um 800 - 1000 tonn á ársgrundvelli. Úthlutaður byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 var 56 ÞÍG tonn. Vinnsla á fiski hafði hins vegar dregist verulega saman en fiskur var og er vigtaður og pakkaður áður en hann er fluttur á markað. Borgarfjörður var sérstakt vinnusóknarsvæði, fáir sóttu vinnu út fyrir fjörðinn og fáir sóttu vinnu annars staðar frá á Borgarfjörð, einna helst iðnaðarmenn. Á árunum áður en verkefnið hófst hafði átt sér stað töluverð fólksfækkun, barnmargar fjölskyldur höfðu flutt úr byggðarlaginu og því var leik- og grunnskóli orðinn fámennur. Þjónusta hafði, sem fyrr segir, dregist saman, heilbrigðisþjónusta var í lágmarki og dagvöruverslun staðarins hafði verið lokað 2017 svo keyra þurfti til Egilsstaða til að versla inn. Með aukinni ferðaþjónustu hafði þó framboð á veitingastöðum og afþreyingu, sérstaklega yfir sumartímann, aukist.


Skortur var á leiguhúsnæði en sveitarfélagið átti við upphaf verkefnistímans ný leiguíbúðir af mismunandi stærðum sem allar voru í útleigu. Stór hluti húsnæðis á staðnum var nýttur sem sumarhús og stóð því autt stærstan part ársins. Lóðir undir íbúðarhúsnæði voru í boði á góðum kjörum en lítill hvati til staðar til húsbygginga sökum hás kostnaðar. Þó var nokkur áhugi hjá bæði brottfluttum og öðrum til að flytja á staðinn en þá helst í leiguhúsnæði til að byrja með.

Helst var horft til nýrra starfa og uppbyggingar í kringum ferðaþjónustu á staðnum og óstaðbundinna starfa sem nýir íbúar gætu flutt með sér og unnið frá Borgarfirði. Einnig var töluverður áhugi á fullvinnslu matvæla úr nærsamfélaginu og frekari vöruþróun á því sviði.

Á næstu síðu má sjá SVÓT greiningu sem unnin var af verkefnisstjórn og greindi styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnir við samfélagið í upphafi verkefnistímans.



Meginniðurstöður íbúðapings – forgangsróðun.



Verkefnismarkmið

Hér má sjá samantekt og stöðu markmiða sem íbúar settu sér í upphafi verkefnisins. Meginmarkmiðin eru fjögur en undirmarkmiðin eru 46 talsins og taka á fjölbreyttum þáttum, allt frá því að efla félagslíf og yfir í heilbrigðis- og samgöngumál. Eins og sjá má var fjölmörgum markmiðum náð, önnur komust styttra á veg og enn önnur voru felld niður. Höfðu þá forsendur breyst eða þörf/áhugi á framkvæmd þeirra minnkað.

Meginmarkmið 1 - Gott mannlíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1 Samfélagssáttmáli íbúa						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020.
1.2 Búðin Borgarfirði miðpunktur samfélagsumræðu					X	Stöðugt markmið.
1.3 Ferill um móttöku nýrra íbúa		X				Lítið verið unnið í.
1.4 Efling erlendra íbúa /íslenskukennsla					X	Fjögur íslenskunámskeið verið haldin frá upphafi fyrir 20 nem. í heildina.
1.5 Tryggja aðgang að raunfærnimati					X	Austurbrú kynnti raunfærnimat o.fl. 2020 höfðu tveir einstaklingar nýtt leiðina.
1.6 Viðburðadagatal á vef Borgarfjarðar					X	Á vefnum borgarfjörðureystri.is og í Búðinni.
1.7 Efling afþreyingar og félagsstarfs íbúa					X	Konfektgerð, Lindarbakki, viðburðir á vegum Búðarinnar, kynningarfundir, UMFB (frisbígolf, ærslabelgur, gönguskíðabraut), barnamenning, íslenskukennsla o.fl.
1.8 Stofnun og virkjun fjarbúafélags					X	Stofnað 2018.
1.9 Íþróttæfingar fyrir börn (UMFB)				X		Tómstunda- og íþróttastyrkir svfél. f. börn auk nýrrar afþreyingar fyrir alla fjölskylduna (t.d. frisbeegolf, ærslabelgur, gönguskíðaspor) Líkamsræktaraðstaða í Fjarðarborg.
1.10 Þjónustukönnun					X	Framkvæmd í febrúar 21 og niðurstöður kynntar á íbúafundi í mars 21.
1.11 Regluleg tómstunda-námskeið og fræðsluerindi					X	Konfektgerð, Man & Biosphere, fræðsludagur Búðarinnar, barnamenning, bíókvöld, stuttmyndahátíð, Ferðamálahópur o.fl.

Meginmarkmið 2 – Fjölbreytt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1 Frekari fullvinnsla matvæla					X	Blábjörg – bjór, gin, landi. Sporður hf.
2.2 Fá úthlutun úr sérstöku aflamarki BST		X				Ekkert til úthlutunar á tímabilinu. Heimastjórn heldur verkefni gangandi. Tímabundin lokun „skápsins“ staðfest af Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegsráðherra fyrir árið 2021. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra staðfesti árlega lokun árið 2022.
2.3 Úrbætur í höfninni, aukið legurými og löndunarpláss				X		Í vinnslu, verklok sumar 2023.
2.4 Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg			X			Lokið við teikningar og unnið að uppmælingu húss. Endurbætur á húsi eru á fjárhagsáætlun Múlaþings. Heimastjórn heldur verkefni gangandi.
2.5 Fjarstörf	X					Lítið gerst en öll störf sem teljast fjarstörf með möguleika á starfsaðstöðu í Fjarðarborg auglýst.
2.6 Endurbætur á efri hæð Fjarðarborgar		X				Sjá 2.4.
2.7 Efling ferðaþjónustunnar					X	Íslenska ferðasumarið á Austurlandi 2021. Stækkun Blábjarga, íb.húsnæði fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Aukið þjónustuframboð, Lindarbakki, 360°BFJ.
2.8 Samræmt markaðssetningaráttak ferðaþjónustunnar					X	Ferðamálahópur Borgarfjarðar vann kynningarmyndband fyrir Borgarfjörð. Kom út vorið 2022. 360° Borgarfjörður - verkefni Hafþórs Snjólfs Helgasonar.
2.9 Miðlæg sölusiða fyrir ferðaþjónustuna						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020.
2.10 Borgarfjörður Escape						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020.
2.11 Bátferðir fyrir ferðamenn						Ákveðið að taka út markmiðið á íbúafundi 2020.
2.12 Handverkshús	X					Ekkert viðunandi húsnæði fundist.
2.13 Bátasafn í Bræðslunni		X				Styrkur til verkefnisins úr sjóði BB 2018. Unnið að söfnun báta og endurbótum á bræðsluhúsnæði.
2.14 Gamla kaupfélagið fær nýtt hlutverk					X	Verið að endurbyggja í samstarfi við Minjastofnun. Bjór, gin og landabrug hafið. Brugghús og ölstofa opnuðu vor 2022.
2.15 Innanhússskipulag í Hafnarhúsi					X	Starfsemi yfir sumartímann. Lyfta sett upp vetur 21/22.
2.16 Efling frumkvöðla- og nýsköpunarstarfs					X	M.a. Íslenskur dúnn ehf. og landvarsla á Víknaslóðum, Blábjörg í þróun drykkja-/matvæla-/spa-vara.

Meginmarkmið 3 – Öflugir innviðir

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1 Opnun matvöruverslunar					X	Lokið 2018
3.2 Efling og stuðningur við rekstur verslunar					X	Styrkir fyrir verslun í strjálbýli nauðsynlegir. Styrkir úr frumkvæðissjóði BB.
3.3 Bundið slitlag BFJ-EGS					X	Lokið 2022.
3.4 Tvöföldun vegar út í Höfn				X		Breikkaður að hluta og útskot sett 2018. Lýkur 2023.
3.5 Bætt GSM samband BFJ-EGS				X		Bætt samband í Njarðvíkurskriðum, Njarðvík og á Vatnsskarði en gloppótt á Héraði og inni á sveit.
3.6 Ljósleiðari í sveitir Borgarfjarðar					X	Lokið 2019.
3.7 Þjónusta lækni og hjúkrunarfræðings					X	Hjúkrunarfræðingur í 50% starfi á Borgarfirði + fjarlækningar frá hausti 2019. Sjúkrabíll 2020.
3.8 Tilraunaverkefni um fjarlækningar		X				Lítið áunnist.
3.9 Aukin þjónusta við aldraða					X	Hjúkrunarfræðingur sinnir heimaþjónustu. Heitur matur í hádeginu fyrir þau sem vilja.
3.10 Uppbygging íbúðarhúsnæðis					X	Fjórar nýjar íbúðir sveitarfélagsins teknar í notkun vor 2021. Sex íbúðarhús byggð á tímabilinu auk fjögurra starfsmannahúsa fyrirtækja.
3.11 Leigumiðlun		X				Fjarbúafélag. Lítið áunnist.
3.12 Tekjuskerðing grunnskóla vegna Jöfnunarsjóðs	X					Engin framlög frá 2018. Ákveðið 2021 að skólastjóri í Fellaskóla á Héraði tæki að sér stjórn skólans.

Meginmarkmið 4 – Einstakt umhverfi

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
4.1 Sögu- og upplýsingaskilti				X		Fjarbúafélag fékk styrk til verkefnisins 2019. Skilti enn óuppsett. 360°BFJ.
4.2 Umhverfis- og hreinsunardagar					X	U.þ.b. tvisvar sinnum á ári. Plokkdagar, úrbótaganga, ákveðin svæði tekin í fóstur. Mörg íbúðarhús og atvinnuhúsnæði fengið andlitslyftingu á verkefnistímanum.
4.3 Aukin sjálfbærni			X			Einkum í nýtingu matvæla.
4.4 Borgarfjörður sem náttúru- skoðunarsvæði				X		Fyrirhugaður náttúrugluggi Bfj. í Hafnarhúsi. 360°BFJ, landvarsla.
4.5 Endurskoðun aðalskipulags	X					Múlaping mun þurfa að taka upp aðalskipulag vegna sameiningar.
4.6 Landvarsla á Víknaslóðum					X	Landvarsla farið fram á Víkum og í Stóruð frá 2018. Þarf nú að leggja áherslu á lengingu viðveru.
4.7 Plastpokalaus Borgarfjörður			X			Búðin er plastpokalaus frá upphafi en þarf að leggja meiri áherslu á úrlausnir í sorpmálum.
4.8 Lagfæring gatna, gangstétta og götulýsingar			X			Götulýsing bætt 2021. Aðalgata þorpsins er skilavegur hjá Vegagerðinni 2023.

Opnun verslunar

Búðin Borgarfirði opnaði formlega 30. júní 2018 en það þótti eitt af forgangsverkefnum Betri Borgarfjarðar og má segja að hafi verið tekið með trukki strax að loknu íbúðingum í febrúar. Einkaaðilar festu kaup á húsnæði þar sem matvöruverslunin Eyrin var áður rekin (gamla pósthúsið) og lögðu til verkefnisins. Hafist var handa við að safna hlutafé meðal íbúa, fjarbúa og annarra velunnara Borgarfjarðar eystra. Hluthafar eru 80 talsins og söfnuðust sjö milljónir í hlutafé. Félagið hlaut nafnið Gusa ehf. og var stofnfundur þess haldinn 28. júní þar sem stjórn félagsins var kjörin. Forsvarsaðilar Búðarinnar hafa á verkefnistímabilinu hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar og árið 2019 einnig úr styrkjasjóði A.9 Verslun í strjálbýli sem veittir eru á grundvelli stefnumótandi byggðáætlunar. Fengust m.a. styrkir til reksturs upplýsingamiðstöðvar og fyrir fræðsludegi og frumkvöðlaþingi sem haldið var í maí 2019.

Að jafnaði er verslunin opin alla virka daga auk helgaropnunar yfir sumartímann en þrjá eftirmiðdaga í viku yfir vetrartímann. Gaman hefur verið að sjá verslunina auka jafnt og þétt vöruúrval sitt í samræmi við árstíðir, framboð á vörum úr staðbundnu hráefni landshlutans – og auðvitað ekki síst sérviskur íbúa.

Þá hefur Búðin, í samstarfi við aðra rekstrar- aðila á Borgarfirði, m.a. staðið fyrir árlegum jóladegi í byrjun desember og má því með sanni segja að hún hafi lagt sitt af mörkum til eflingar samfélagsins á Borgarfirði og aukið þjónustu á staðnum svo um munar. Reksturinn hefur gengið framár vonum en það verður að teljast vandasamt verk að halda úti verslun á svo litlum stað og er það stjórn Búðarinnar og góðu starfsfólki hennar að þakka að það hefur gengið vel.



Myndir: Helga Björg Eiríksdóttir og Einfríður Árnadóttir



Húsnæðismál

Mikið ávannst í húsnæðismálum á verkefnis-tímanum. Borgarfjarðarhreppur skipaði haustið 2018 húsnæðishóp til að ljúka við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og skoða möguleika til byggingar leiguhúsnæðis. Ragna Óskarsdóttir fór fyrir hópnum en hann skipuðu einnig Alda Marín Kristinsdóttir, Eyþór Stefánsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson. Gerð var húsnæðiskönnun þar sem þörf fyrir leiguhúsnæði var metin og í kjölfarið var ákveðið að leita hagkvæmra leiða til að hefja byggingu leiguíbúða. Árið 2019 fékkst til verksins stofnframlag frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til byggingar almennra leiguíbúða og var í kjölfarið farið í að afla tilboða í húsbýggingar. Lagt var upp með að byggð yrðu tvö parhús með tveimur tveggja herbergja og tveimur þriggja herbergja íbúðum. Niðurstaðan var að kaupa fullbyggð hús frá Litháen í gegnum byggingafyrirtækið Jötunn-byggingar sem flutt voru til Borgarfjarðar í einingum þann 25. nóvember 2020 og fluttu nýir íbúar inn í mars 2021. Sveitarfélagið á því nú 13 leiguíbúðir á Borgarfirði og er búið í þeim öllum.

Það má halda því fram að þessar húsbýggingar Borgarfjarðarhrepps hafi hreyft við fleiri aðilum því síðan hafa risið tvö ný íbúðarhús (Brim og Tunguhóll) og tvö sumarhús (Bakkakot og Flókalundur) auk fjögurra starfsmannahúsa á vegum Álfheima og Blábjarga. Tvö íbúðarhús (Bakkavegur 3 og Ásgarður) eru í byggingu þegar þetta er ritað. Þá eru nú fjögur hús (Jörfi, Sjávarborg, Smáragrund 1 og Útskálar) sem áður voru einungis nýtt sem sumarhús, komin í eigu staðaríbúa og þar með í heilsársbúsetu.



Samgöngur og fjarskipti

Úrbætur í samgöngumálum hafa verið Borgfirðingum hugleiknar um langt árabil og skoruðu hátt á forgangslista íbúafingsins. Eini akvegurinn til Borgarfjarðar liggur frá Egilsstöðum um 70 km leið yfir Vatnsskarð eystra, Njarðvík og Njarðvíkurskriður. Hlutar leiðarinnar voru klæddir en stærsti parturinn var malarvegur sem var misjafnlega vel við haldið. Klæðing vegarins var því ekki aðeins vegabót í sjálfu sér heldur einnig öryggismál enda vegurinn gamall og grannur en fjölfarinn, sérstaklega yfir sumartímann. Þá eru þungaflutningar um veginn líka töluverðir, fiskur er fluttur frá Borgarfirði og ferðamannarútur eiga þar leið um.

Í kjölfar íbúafingsins ákváðu Borgfirðingar að láta verkin tala og hefja vegaframkvæmdir sjálfir í Njarðvíkurskriðum með því að steypa þriggja metra langan vegkafla og hvetja þannig yfirvöld og Vegagerðina til að ljúka framkvæmdinni hið fyrsta. „Mótmælin“ í Skriðunum voru 2018 fengu töluverða athygli og fréttamfjöllun og nokkrum vikum síðar afhentu nokkrir vaskir Borgfirðingar þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, undirskriftalista með með nöfnum 2.461 einstaklings og áskorun til ráðherra að setja úrbætur á vegi nr. 94 framur á samgönguáætlun.



Mynd: Innviðaráðuneytið



Haustið 2018 bárust svo þær fréttir að setja ætti vegaförum á Njarðvíkurskriðum í útboð og hófust langþráðar framkvæmdir 2019. Árið 2020 var klæðing lögð á veginn yfir Vatnsskarð. Verklök á Borgarfjarðarvegi voru samkvæmt samgönguáætlun ekki áformuð fyrr en á árunum 2024-2026 en vegna COVID-19 var ákveðið að flýta framkvæmdum á lokakafla leiðarinnar milli Laufáss og Eiða á Héraði, til ársins 2021. Haustið 2022 var því Borgarfjarðarvegur nr. 94 fullkláraður og langþráð hagsmunamál Borgfirðinga í höfn.

Samfara veglagningunni var lagður ljósleiðari til Njarðvíkur og símasamband bætt til muna á Vatnsskarði, í Njarðvík og í Njarðvíkurskriðum sem er mikið öryggisatriði fyrir vegfarendur enda getur þessi leið verið varasöm á vetrum. Þá hefur verið lagður ljósleiðari á alla sveitabæi á Borgarfirði. Enn er þó aðkallandi að bæta símasamband inni á sveit, á köflum Héraðsmegin á Borgarfjarðarvegi sem og á sjó. Þá er vinna hafin við að breikka vegspottann frá þorpi og út í höfn en vegurinn er mjög illa farinn og víða aðeins einbreiður.

Myndir: Tinna Jóhanna Magnússon og Magnús Þorri Jökulsson



Heilbrigðismál

Í apríl 2019 bauð verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar og hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps forsvarsfólki Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) til samtals við íbúa. Íbúar höfðu lengi verið ósáttir við tilhögun heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu en segja má að hún hafi orðið æ fátæklegri undanfarin ár. HSA rekur heilsugæslusel í Heiðargerði þar sem hjúkrunarfræðingur hafði um árabil haft fasta starfsstöð en eftir að viðkomandi lét af störfum var enginn ráðinn í staðinn. Hjúkrunarfræðingar frá Egilsstöðum höfðu hins vegar viðveru tvo daga í mánuði en brögð voru að því að ef veður var vont eða færð slæm, féllu niður heimsóknir, oft svo vikum skipti.

Vettvangsliðahópur björgunarsveitarinnar Sveinunga sinnir bráðaútköllum en ef kalla þarf út sjúkrabíl frá Egilsstöðum er að lágmarki klukkustundarbið eftir komu hans og því getur liðið langur tími áður en sjúklingur kemst undir læknishendur.

Fundurinn með HSA var einkar góður og gott var að taka samtalið um stöðu heilbrigðisþjónustu á staðnum við stjórnendur stofnunarinnar, enda voru fundargestir allir af vilja gerðir að finna raunhæfar lausnir á vandanum. Í kjölfar fundarins tóku fulltrúar Betri Borgarfjarðar, björgunarsveitarinnar Sveinunga og hreppsnefndar saman áhersluþunkta og tillögur að úrbótum og sendu HSA til frekari útfærslu. Á meðal óska var að starf hjúkrunarfræðings með aðsetur á Borgarfirði yrði auglýst, að efla og styðja betur við vettvangsliðahóp t.d. með námi í sjúkraflutningum og að leita leiða til að stytta viðbragðstíma í neyðartilfellum, t.d. með því að staðsetja sjúkrabíl á Borgarfirði eða aðstoða björgunarsveitina við að efla sinn búnað til sjúkraflutninga.

Óhætt er að segja að HSA hafi tekið óskum Borgfirðinga vel því 50% staða hjúkrunarfræðings var í kjölfarið auglýst og með góðum árangri því haustið 2019 flutti hjúkrunarfræðingur á staðinn. Þá fékk heilsugæsluselið til umráða fjarlækningatæki svo Borgfirðingar geta nú hitt lækni á þann máta og þannig mögulega sparað sér sporin til læknis á Héraði eða jafnvel fengið fyrr læknistíma en ella. Þá fékk björgunarsveitin árið 2020 afhenta sjúkraflutningabifreið til varðveislu og afnota frá slökkviliði Fjarðabyggðar og hefur þegar reynt á mikilvægi hennar.



Mynd: Helga Björg Eiríksdóttir


Sjávarútvegur

Staða sjávarútvegs á Borgarfirði er svipuð og við upphaf verkefnisins. Tíu til tólf bátar gera út frá Borgarfirði og yfir strandveiðitímabilið fjölga þeim jafnan sem landa á Borgarfirði. Þá hafa ungir borgfiskir sjómenn keypt báta og gert út á strandveiðar síðustu tvö sumur. Úthlutaður byggðakvóti hefur farið minnkandi og fyrir fiskveiðiárið 2022-23 er hann 15 ÞÍG tonn sem er lágmarksúthlutun. Borgfirðingar hafa lýst yfir áhuga á að fá úthlutað sértækum byggðakvóta en hann hefur ekki verið til úthlutunar á verkefnis-tímanum. Stefnt er að því að sækja um hann þegar hann verður næst auglýstur árið 2023.

Þó hafa áfangar einnig náðst. Lokun á Skápnunum, sem er veiðisvæði norður af Glettingsnesi, hafði verið baráttumál heimamanna um nokkurt skeið. Um er að ræða eitt af örfáum veiðisvæðum þar sem togurum er heimilt að veiða innan 12 mílna markanna við Ísland og eru það jafnframt heimamið borgfirskra smábáta. Fulltrúar Betri Borgarfjarðar og heimastjórnar Borgarfjarðar áttu fundi með fulltrúum sjávarútvegsráðuneytisins og atvinnuveganefnd Alþingis snemma á árinu 2021 sem síðan leiddi til þess að Kristján Þór Júlíusson, þáverandi sjávarútvegsráðherra, skrifaði undir reglugerð um tímabundna

lokun skápsins fyrir togveiðum fyrir árið 2021. Öruggt má telja að þessi aðgerð hafi skipt sköpum fyrir borgfirska smábátasjómenn og var því afar ánægjulegt þegar fréttir bárust af því að núverandi matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefði í byrjun mars 2022 undirritað reglugerð um árlegt bann við veiðum með fiskibotnvörpu á svæði innan 12 sjómílna í Skápnunum norður af Glettingsnesi. Gildir þessi lokun frá júlí og fram í desember ár hvert.

Árið 2022 var hafist handa við dýpkun hafnarinnar milli Skarfaskersgarðsins og löndunar-bryggjunnar og lauk því verki að hausti. Á sama tíma var farið í styrkingu sjóvarna við Blábjörg og í Njarðvík. Árið 2023 verður byggð ný löndunarbryggja og steipt plan við hana og viðlegukanturinn við Hólmagarðinn verður lengdur um helming, í 50 m. Til þess að hann nýtist sem best verður gamla löndunar-bryggjan einnig stytta.



Borgfirskir atvinnuvegir

Á verkefnistímanum hafa bæði sprottið upp ný og spennandi fyrirtæki á Borgarfirði og rótgrónari fyrirtæki vaxið og dafnað. Sem fyrr má segja að helstu atvinnuvegir staðarins séu hefðbundnir en þó með nýjum og nýskapandi viðbótum.

Íslenskur dúnn ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu á sængum og koddum úr íslenskum æðardúni og var stofnað af Rögnu S. Óskarsdóttur árið 2019. Fyrirtækið nýtir allan dún úr einu stærsta æðarvarpi landsins, á Sævarenda í Loðmundarfirði, og úr varpinu í Hafnarhólma en er einnig farið að afla dúns víðar með aukinni starfsemi. Fyrirtækið hefur vaxið á þeim fáu árum sem það hefur verið starfandi og eru þar nú um fimm starfsmenn árið um kring.

Árið 2019 festu Helga Björg Eiríksdóttir og Kári Borgar Ásgrímsson kaup á harðfisk-verkuninni Sporði sem staðsett var á Eski-firði og fluttu starfsemina til Borgarfjarðar. Eftir endurbætur á húsnæði Sporðs hófst starfsemin á vormánuðum 2020.

Fjarðarhjól, sem býður upp á hjólaleigu og hjólaleiðsögn um Borgarfjörð og Víknaslóðir, tók til starfa á árinu 2019 og hefur aðsetur á tjaldsvæðinu á Borgarfirði sem eigendurnir, Árni Magnús Magnusson og Lindsey Lee, reka einnig. Þau eru einnig að byggja upp sérstakar hjólaleiðir í landi Hafnar með það að markmiði að auðga veg fjallahjólamennsku sem ferðapjónustugreinar á Borgarfirði.

Ferðapjónustan Álfheimar á stóran þátt í því að Íslendingar flyktust til Borgarfjarðar þrátt fyrir COVID-19 sumrin 2020 og 2021 en gönguferðirnar sem þau buðu upp á um Víknaslóðir slógu í gegn hjá íslenskum ferðamönnum. Sumarið 2022 tóku þau einnig að sér bæjarleiðsögn fyrir skemmtiferðaskip sem stoppuðu við á Borgarfirði sem mæltist vel fyrir og er þjónustuaukning fyrir þessa tegund ferðamanna.

Blábjörg Resort hafa stækkað hratt á verkefnistímanum og aukið vöruframboð sitt. Undanfarin ár hafa eigendur gert upp gamla kaupfélagshúsið undir leiðsögn Minjastofnunar og er þar nú starfrækt KHB brugghús og bar. Þar er bruggaður bjór, gin og landi sem hafa notið vaxandi vinsælda hjá Íslendingum og náð góðri sölu í Vínbúðum

landsins. Sumarið 2022 var lokið við byggingu nýu nýrra hótélherbergja og sumarið 2023 opnar ný og glæsileg heilsulind þar sem í boði verða bjór- og þaraböð og þarameðferðir. Þá er rekstur kaffihúss í Hafnarhúsi á vegum Blábjarga.




Sveitarfélagið Múlaþing verður til

Á vormánuðum 2018 var gerð könnun meðal íbúa sveitarfélaga á Austurlandi um mögulega sameiningu þeirra. Niðurstaða hennar gaf til kynna að íbúar Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Djúpavogshrepps og Fljótshálsbæjar hefðu áhuga á að skoða þann möguleika frekar. Í október 2018 samþykkti hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að skipa tvo fulltrúa og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna átti möguleika á sameiningu þessara fjögurra sveitarfélaga. Tilgangursameiningarinnar væri fyrst og fremst að bæta þjónustu við íbúa, efla stjórnsýslu og auka líkur á árangri í byggða- og samgöngumálum á svæðinu.

Mikið var fundað og áherslur sameiningarinnar og fyrirkomulag kynnt íbúum sveitarfélaganna á opnum fundum, m.a. um heima- stjórnir sem skipa átti í hverjum kjarna og fara áttu með málefni nærsamfélaganna. Það er mat verkefnisstjóra að sú mikla vinna sem Borgfirðingar höfðu lagt í naflaskoðun, undirbúning og stefnumótun fyrir verkefnið Betri Borgarfjörð hafi verið mjög gott veganesti inn í sameiningarviðræður.

Kosning um eiginlega sameiningu sveitarfélaganna fór svo fram 26. október 2019 þar sem sameiningin var samþykkt í öllum sveitarfélögum. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfesti sameininguna 14. febrúar 2020 og fékk sveitarfélagið nafnið Múlaþing. Kosningar til fyrstu sveitarstjórnar Múlaþings áttu að fara fram þann 18. apríl 2020 en vegna COVID-19 var kosningum frestað til 19. september 2020. Þá var jafnframt kosið í heimastjórnir á hverjum stað.



Lýðfræðileg þróun á verkefnistímanum

Íbúar Borgarfjarðarhrepps voru, skv. tölum Hagstofunnar, 108 talsins þann 1. janúar 2018 og höfðu þá aldrei verið færri. Það er ánægjulegt að frá 2018 hefur íbúum fjölgað aftur og voru 130 talsins m.v. 1. janúar 2023.

Taka verður með í reikninginn að tölur Hagstofunnar eru lögheimilisskráningar svo einhver skekkja er í þeim ef skoða á hve margir hafa fasta búsetu. Samkvæmt „hausatölningu“ má þó úrskurða að íbúum með fasta búsetu á Borgarfirði hefur fjölgað milli ára þó raunverulegur íbúafjöldi sé aðeins lægri en tölur Hagstofunnar gefa til kynna.





Fjölgað hefur í aldurshópnum 20-39 ára, úr 27,4% íbúa árið 2016 í 35,6% árið 2022. Á Borgarfirði búa fá börn á leik- og grunnskólaaldri og hefur fjöldinn staðið í stað allt verkefnistímabilið, eitt á leikskólaaldri og fjögur á grunnskólaaldri. Ánægjulegt er þó að á síðustu tveimur árum hafa tveir nýir Borgfirðingar fæðst svo fyrirséð er fjölgun í leik- og grunnskóla á komandi árum. Vonandi heldur sú þróun áfram í rétta átt.



Mannfjöldi eftir póstnúmerum, kyni og aldri 2016-2023

		2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Borgarfjörður eystri	Alls	124	116	108	109	122	127	121	130
	Karlar	70	64	60	63	66	70	71	76
	Konur	24	52	48	46	53	57	50	54

Lýðfræðileg þróun á verkefnistímanum



Styrkir úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar

Á næstu síðum er yfirlit yfir úthlutanir hvers árs og dreifingu þeirra á mállefni.

Úthlutunarfé hvers árs var sjö milljónir króna en árið 2020 og 2021 var fjármagn sem ekki nýttist/var skilað árin á undan endurúthlutað til nýrra verkefna. Árið 2020 kom einnig auka fjárveiting inn í frumkvæðissjóði Brothættra byggða á landsvísu sem mótvægisáðgerð vegna COVID-19, sextíu milljónir. Auk þess var settur saman Öndvegissjóður Brothættra byggða með fjórtíu milljónum króna þar sem valin verkefni úr öllum brothættum byggðalögum gátu sótt um fjármagn. Verkefnið Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg fékk tíu milljónir úr þeim sjóði.

Ár	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrktra verkefna	Alls sótt um	Heildar-kostnaður verkefna	Úthlutun
2018	21	15	17.335.625	41.412.345	7.000.000
2019	20	14	18.019.581	26.602.221	7.000.000
2020	35	15	77.288.300	279.332.064	14.400.000
2021	22	16	19.082.249	33.773.249	7.350.000

Flokkur	2018	2019	2020	2021
Menning og mannlíf	5	1	6	8
Umhverfi og náttúra	2	3		
Iðnaður og nýsköpun	4	5	5	6
Ferðaþjónusta	4	5	4	2
Samtals	15	14	15	16

Styrkir úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar

Ár	Heiti	Styrkþegi	Upphæð	Staða í jan. 2023	
2018	Vetrarbúnaður	Blábjörg ehf.	600.000	Lokið	Samtals árið 2018 7.000.000
2018	Landvarsla á Víknaslóðum	Ferðamálahópur Bfj.	300.000	Lokið	
2018	Viðskiptaáætlun f. Gamla kaupfélagið	Blábjörg ehf.	300.000	Lokið	
2018	Útsýnissiglingar, viðskiptaáætlun	Eyþór Stefánsson	300.000	Skilað	
2018	Handverk og hönnun á Bfj.	Bryndís Snjólfsdóttir	600.000	Skilað	
2018	Hafnarhólmi – lífríki og fræðsla	Fuglavernd	300.000	Lokið	
2018	Porcelain Studio – It all started with a kiln	Kata Sümegi	500.000	Lokið	
2018	Borgarfjörður eystri – The capital of hiking	Travel East	700.000	Lokið	
2018	Viðskiptaáætlun og hönnun	Bátasafn Bfj.	600.000	Skilað	
2018	Viðburðadagatal	Melanie Baldvinsdóttir	50.000	Lokið	
2018	Lífræn ræktun	Björn Kristjánsson	250.000	Lokið	
2018	Frisbígolfvöllur	UMFB	700.000	Lokið	
2018	Búðin Borgarfirði: Rekstrarráðgjöf og þjálfun	Gusa ehf.	500.000	Lokið	
2018	Búðin Borgarfirði: Geymsluhúsnæði	Gusa ehf.	500.000	Lokið	
2018	Búðin Borgarfirði: Uppfærsla rekstrartækja	Gusa ehf.	800.000	Lokið	
2019	Icelandic Home – viðskiptaáætlun	Adrian Zuk	300.000	Lokið	Samtals árið 2019 7.000.000
2019	Upplifðu Borgarfjörð	Hafþór S. Helgason	650.000	Lokið	
2019	Undirbúningur fyrir heit sjóböð	Blábjörg ehf.	450.000	Lokið	
2019	Líkamsrækt UMFB	UMFB	500.000	Lokið	
2019	Fjord Bikes – Fjarðarhjól ehf.	Árni Magnús Magnusson	600.000	Lokið	
2019	Samfélagssvín	Helgi Hlynur Ásgrímsson o.fl.	400.000	Skilað	
2019	Víknaslóðir: Merkingar og kort	Ferðamálahópur Bfj.	400.000	Lokið	
2019	Sögumerking bæja á Borgarfirði	Fjarbúafélag Bfj.	200.000	Ólokið	
2019	Konfektgerð	Helga Björg Eiríksdóttir	450.000	Lokið	
2019	Búðin Borgarfirði: Upplýsingamiðstöð	Gusa ehf.	700.000	Lokið	
2019	Markaðsrannsókn	Íslenskur dúnn ehf.	600.000	Lokið	
2019	Þróunarvinna v. svefnþoka	Íslenskur dúnn ehf.	1.000.000	Lokið	
2019	Tækjakaup	Íslenskur dúnn ehf.	350.000	Lokið	
2019	Kayhike	Mamúni ehf.	400.000	Lokið	

Ár	Heiti	Styrkþegi	Upphæð	Staða í jan. 2023	
2020	Þróun á íslensku náttúrubaði	Blábjörg ehf.	1.050.000	Lokið	Samtals árið 2020 14.400.000
2020	Vöruþróun á handverksgini	Blábjörg ehf.	950.000	Lokið	
2020	Sumarþúðir	Trausti Hafsteinsson	350.000	Skilað	
2020	Hjólaparadísin Borgarfjörður	Fjarðarhjól ehf.	300.000	Lokið	
2020	Samstarf ferðaþj.aðila á Bfj.	Ferðamálahópur Bfj.	500.000	Lokið	
2020	Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	Borgarfjarðarhreppur	5.000.000	Ólokið	
2020	Skráning muna á Lindarbakka	Minjasafn Austurlands	510.000	Lokið	
2020	Nýlundabúðin	Teikniþj. Jafnóðum	700.000	Lokið	
2020	Hafnarhús eystra	Guðrún Ben/Andri Björgv.	700.000	Lokið	
2020	Lagasmíðar á Borgarfirði eystra	Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir	500.000	Lokið	
2020	Þvottur æðadúns	Íslenskur dúnnn ehf.	750.000	Lokið	
2020	Bíla- og dekkjaviðgerðir	Jón Helgason	900.000	Lokið	
2020	Tækjakaup til harðfiskverkunar	Sporður hf./Kári Borgar ehf.	1.000.000	Lokið	
2020	Púttvöllur	Christer Magnusson	190.000	Lokið	
2020	Ærslabelgur	UMFB	1.000.000	Lokið	
2021	Lindarbakki – viðburðasumarið 2021	Já sæll ehf./Bryndís Snjólfsdóttir	450.000	Lokið	Samtals árið 2021 7.350.000
2021	Kjólsvík	Helgi Hlynur Ásgrímsson	400.000	Skilað	
2021	Waves Project	Kata Sümegi	250.000	Lokið	
2021	Slóðavél fyrir gönguskíðaiðkun	UMFB	250.000	Lokið	
2021	Púttvöllur	Christer Magnusson	160.000	Lokið	
2021	Sýningarröð í Glettu	Guðrún Benónýsdóttir	500.000	Lokið	
2021	Hótel Nýlundabúðin	Elín Elísabet Einarsdóttir	700.000	Lokið	
2021	Skráning muna í Lindarbakka	Minjasafn Austurlands	500.000	Lokið	
2021	Hönnun umbúða fyrir bjórframleiðslu	Blábjörg ehf./KHB brugghús	600.000	Lokið	
2021	Lagasmíðar á Borgarfirði eystra	Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir	400.000	Ólokið	
2021	Dósavél	Blábjörg ehf./KHB brugghús	1.000.000	Lokið	
2021	Afkomendur Borgarfjarðar	Elsa Katrín Ólafsdóttir	700.000	Lokið	
2021	Búðin Borgarfirði: Minnkuð matarsóun	Gusa ehf.	500.000	Lokið	
2021	Nuddstofa	Elísabet D. Sveinsdóttir	320.000	Lokið	
2021	Innileikvöllur	Lindsey Lee	120.000	Lokið	
2021	Sýndarferðalag um Borgarfjörð	Hafþór S. Helgason	500.000	Lokið	

Áhrif COVID-19

Heimsfaraldur COVID-19 hitti Borgfirðinga fyrir eins og aðra landsmenn þó lengi vel hafi ekki greinst eitt einasta smit svo það er ekki alltaf slæmt að vera fámenn á hjara veraldar. Þegar litið er til baka má segja að þetta tímabil hafi bæði verið súrt og sætt. Strangar samkomutakmarkanir með litlum fyrirsjáanleika höfðu slæm áhrif á áætlanir og rekstur fyrirtækja, kannski sérstaklega í ferðaþjónustunni. Fella þurfti niður stóra viðburði eins og Bræðsluna og erlendir gestir voru sárafáir á þessum tíma. Hins vegar var sumarið 2020 gott á Austurlandi og íslenskir ferðamenn streymdu austur þegar aðstæður voru til milli samkomutakmarkana.

Yfirvöld settu aukið fjármagn í ýmsar framkvæmdir á tímabilinu sem viðspyrnu fyrir atvinnulífið og flýttu m.a. framkvæmdum við Borgarfjarðarveg. Þá fengu verkefni Brothættra byggða aukið fjármagn í styrkfé svo unnt var að styrkja stærri verkefni á árinu 2020. Íbúar héldu vel utan um hvern annan, Búðin sá til þess að þau sem heima sátu í sóttkví fengju heimsendar nauðsynjar, svo þó að ástandið væri víða ekki gott gerðu flestir það besta úr stöðunni á hverjum tíma.



Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg

Snemma á verkefnistímanum komu upp hugmyndir um hvernig nýta mætti betur félagsheimilið Fjarðarborg. Þar er rekinn veitinga- og tónleikastaður yfir sumartímann og á vetrum er þar mötuneyti grunn- og leikskóla. Líkamsræktaraðstaða UMFB er á efri hæð hússins, sem og skrifstofa Gusu ehf. (Búðarinnar) og aðsetur verkefnisstjóra Betri Borgarfjarðar. Að auki er þar skrifstofu- aðstaða í opnu rými sem er nýtt endrum og eins, t.d. af fjarbúum. Það eru því miklir möguleikar til að útvíkka starfsemina í þessu frábæra húsi í þágu nýrra atvinnutækifæra, þjónustu við íbúa og að gera Borgarfjörð að enn áhugaverðari búsetukosti fyrir fólk með ólíkan bakgrunn sem sinnir ólíkum störfum. Var meðal annars horft til Blábankans á Þingeyri sem fyrirmyndar í þessum málum sem hefur markaðssett sig fyrir starfaferðalanga og fólk sem getur valið sér vinnustað út frá búsetu.

Þó nokkur tími fór í að koma þessu verkefni af stað. Sótt var um fjármagn til þróunar hugmyndafræði og starfsemi samfélagsmiðstöðvar í Uppbyggingarsjóð Austurlands árið 2020, hvaðan fékkst 800.000 kr. styrkur. Árni Magnús Magnusson og Alda Marín unnu að þessum þætti verkefnisins. Þá fékkst fimm milljón króna styrkur úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar sama ár og tíu milljóna króna styrkur úr Öndvegissjóði Brothættra byggða (COVID-19 viðbragð) til framkvæmda.



Fenginn var arkitekt til að teikna upp tillögur að breyttu skipulagi á efri hæð hússins og raflagnakerfi hússins var yfirfarið. Fljótt kom einnig í ljós að mikil þörf væri á viðhaldi á bæði innra og ytra byrði hússins auk þess sem bæta þyrfti aðgengismál. Því hefur dregist að byrja framkvæmdir en verkefnið er nú í höndum Múlaþings og heimastjórnar Borgarfjarðar en þetta er ein stærsta fjárfesting Múlaþings á Borgarfirði næstu árin.



Önnur verkefni

Þessi skýrsla er ekki tæmandi yfirlit yfir öll þau verkefni sem unnin voru á verkefnistímabilinu. Á hverju ári fer drjúgur tími verkefnisstjóra í aðstoð við umsóknargerð í Frumkvæðissjóð og aðstoð og ráðgjöf við framkvæmd verkefna og frágang þeirra. Einnig aðstoð við gerð umsókna í aðra sjóði á svæðis- og landsvísu.

Verkefnisstjórar Brothættra byggða um allt land og fulltrúar Byggðastofnunar hafa hist að lágmarki einu sinni á ári og ráðið ráðum sínum en mikill styrkur er í því að geta leitað til samstarfsfólks í öðrum byggðarlögum enda verkefnin og áskoranirnar oft keimlík.

Í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna var töluverð vinna sett í að kynna stöðu Borgarfjarðar og markmið til framtíðar, t.d. fyrir stýrihópi sameiningarinnar, fulltrúum undirbúningsnefndanna og frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninganna og þar komu stöðugreining, áætlanir og markmiðasetning verkefnisins sér vel.

Austurbrú stóð fyrir fjórum íslenskunámskeiðum fyrir erlenda íbúa á Borgarfirði á verkefnistímanum. Tinna Jóhanna Magnússon annaðist kennsluna og hafa nemendur alls verið um 20. Þá var og er enn í boði að taka próf á framhalds- og háskólastigi á skrifstofu

verkefnisstjóra, fá raunfærnimat í ýmsum atvinnugreinum o.fl.

Viðburðir í tengslum við BRAS – Barnamenningarhátíð Austurlands hafa verið haldnir á Borgarfirði. Sem dæmi hélt Kómedíuleikhúsið sýningu fyrir börn í Fjarðarborg árið 2020 og Elín Elísabet Einarsdóttir og Rán Flygenring héldu fuglateiknismiðju fyrir börn (og fullorðna) árið 2021 og frumsýndu í leiðinni stuttmynd sína, Hótel Nýlundabúðina, sem tekin var upp á Borgarfirði. Það verkefni hlaut m.a. styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Borgarfjarðar tvö ár í röð og vakti skemmtilega og jákvæða athygli á Borgarfirði.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samvinnu við Orkusetur veitti sumarið 2020 styrki til bættrar einangrunar húsa í þátttökubyggðarlögum Brothættra byggða. Hægt var að sækja um styrki til glerskipta, einangrunar þakplötu, klæðningar húsa og kaupa á orkusparandi hitastýringartækjum. Hámarksstyrkur var að upphæð 500.000 kr. og miðaðist við 50% af efniskostnaði. Fimmtán verkefni hlutu styrk á Borgarfirði eystra og er það mjög jákvætt, bæði fyrir orkunýtni og ásýnd húsanna.

Íbúar og fyrirtæki hafa tekið þátt í Dögum myrkurs, sem er byggðahátíð Austurlands og Austurbrú heldur utan um, og haldið frábæra og fjölbreytta viðburði fyrir íbúa og gesti, t.d. á Lindarbakka, í Blábjörgum og í Búðinni.

Borgfirskir matvælaframleiðendur hafa tekið þátt í Matarmóti Austurlands frá upphafi en þar gefst matvælaframleiðendum færi á að kynna sína framleiðslu fyrir austfirskum og íslenskum söluaðilum, veitingaaðilum og öðrum áhugasömum. Það er mikil fjölbreytni í matvælaframleiðslu á ekki stærri stað í kjöt-, fisk- og drykkjarframleiðslu. Vonandi á hún enn eftir að aukast á komandi árum.

Að lokum

Verkefninu Betri Borgarfjörður lauk formlega með íbúafundi 16. febrúar 2022. Við það tækifæri tilkynnti Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, að sveitarfélagið myndi ráða starfsmann til að sinna sérstaklega verkefnum Borgarfjarðar og taka þannig við keflinu. Eyþór Stefánsson hefur undanfarið ár sinnt þessu starfi í hlutastarfi.

Það hefur verið mér mikill heiður að fá að taka þátt í framkvæmd verkefnisins Betri Borgarfjörður í einstöku samstarfi við íbúa Borgarfjarðar, hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar, samstarfsfólk mitt hjá Austurbrú, Kristján Þ. Halldórsson og Helgu Harðardóttur hjá Byggðastofnun og öll þau önnur sem komið hafa að því í gegnum árin. Sérstakar þakkir færi ég Jóni Þórðarsyni, sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps, því til hans er ávallt gott að leita.

Frá upphafi hefur andi verkefnisins verið á jákvæðum nótum og íbúar hafa tekið á móti áskorunum af einingu og samhug með það að markmiði að finna lausnir til framtíðar. Þegar litið er yfir farinn veg sést að okkur hefur tekist að koma ótal málum í höfn, þó vissulega séu næg verkefni enn fram undan. Við höldum áfram að berjast saman á nýjum vettvangi. Takk fyrir samstarfið til þessa.

Borgarfirði eystra, 1. júlí 2023

Alda Marín Kristinsdóttir,
verkefnisstjóri Betri Borgarfjarðar